



**Hjörleifur Jónsson** er fæddur í Reykjavík árið 1972. Hann hóf 9 ára gamall nám við skólahljómsveit Mosfellssveitar hjá Reyni Sigurðssyni og lauk að loknu stúdentsprófi af málabraut menntaskólans við Sund burtfararprófi frá Djasdeild tónlistarskóla FÍH árið 1993. Hjörleifur lék að loknu námi sínu í Reykjavík með Kammersveit Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands auk mörgum af þekktustu popp og djasstónlistarmönnum landsins. Árið 1999 hóf hann nám við Conservatoriumið í Amsterdam þar sem hann var við nám í 3 ár undir handleiðslu meðlima Concertgebouw Orchester og Hollensku Kammersveitarinnar.

Árið 2002 flutti Hjörleifur til Berlínar og hóf nám við Hanns Eisler Hochschule fuer Musik þar sem hann lærði hjá Rainer Seegers, pákuleikara Berliner Philharmoniker og Franz Schindelbeck slagverksleikara í sömu sveit. Hjörleifur lauk með láði mastersgráðu í Slagverksleik og mastersgráðu í Kennslufræðum árið 2007. Hann vann sem einleikari með hljómsveitum og kammerhópum í Þýskalandi og má þar helst nefna SWR útlarpshljómsveitina, Percusemble Berlin, Ensemble Junge Musik,

Ensemble Echo, Mehrklangorchester Berlin ofl. Hjörleifur hefur unnið með tónskáldum á borð við Georg Katzer, Helmut Zapf, Ruth Zechlin, Ed Bennet, Gwyn Pritchard, Petér Köschegi og Atla Heimi Sveinsson svo fáir séu nefndir.

Hjörleifur var skólastjóri Neue Musikschule Berlin á árunum 2006-2008 og framkvæmdastjóri Hypno leikhússins þar í borg sem sérhæfir sig í tónlistar og leiksýningum fyrir börn og unglunga. Hann hefur unnið að skipulagningu viðburða í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík auk ótal tónlistarhátíða í Þýskalandi. Hjörleifur réði sig sem skólastjóra Tónlistarskólans á Akureyri haustið 2008 og leikur nú m.a. sem slagverksleikari með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Síðan Hjörleifur flutti norður hefur hann sett svip sinn á tónlistarlíf á svæðinu með samstarfi við ýmsa þekktu tónlistarmenn.